

**Sp.**

**64. Tillaga til þingsályktunar**

[64. mál]

um undirbúning löggjafar um eftirlit með jarðborunum.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um eftirlit með jarðborunum og leggja fyrir næsta þing frumvarp um það efni.

**Greinargerð.**

Á Alþingi 1945 var borið fram að tilhlutun bæjarráðs Reykjavíkur frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 98 14. maí 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, og lög nr. 114 30. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

Í greinargerð frumvarpsins var m. a. komið svo að orði:

„Nú á tímum mætti öllum vera orðið það ljóst, hversu miklu máli hagnýting jarðhita hér á landi skiptir og mun skipta um hag þjóðarinnar. Er hitaveita Reykjavíkur og hin mikla notkun hverahita í gróðurhúsum næg sönnun þess. Er því næsta áriðandi, að farið sé svo með þessar auðlindir, að þess sé gætt sem bezt, að þær komi að sem mestum notum, ekki aðeins fyrir einstaklinga, er nota þær, heldur og fyrir þjóðarheildina. En eftir því sem lögum um þetta efni er nú varið, brestur nokkuð á, að það sé fyllilega tryggt. Um þetta gilda nú lög nr. 98 14. maí 1940 og lög nr. 114 30. des. 1943, og heimila þau landeiganda hagnýtingu jarðhitans með nokkrum takmörkunum, en ýmis ákvæði vantar þar, sem nauðsynlega þurfa að vera í slíkum lögum, bæði um eftirlit af hálfu hins opinbera, skaðabótarétt, viðurlög o. fl., og því er frv. þetta flutt.“

Í þingnefnd þeirri, sem um málið fjallaði, varð að samkomulagi að fá ræki-legri athugun verkfræðinga á málinu, og var frv. því afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Efri deild telur, að nauðsyn sé á, að sett verði lagafyrirmæli um eftirlit með jarðborunum og til tryggingar því, að virkjun jarðhita verði eigi skemmd að ófyrirsynju með síðari mannvirkjum, og skorar þess vegna á ríkisstjórnina að semja í samráði við sérfræðinga frv. til l. um notkun jarðhita, þar sem fullnægjandi ákvæði verði um þessi efni, og tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá í trausti þess, að ríkisstjórnin leggi frv. þetta fyrir næsta Alþingi.“

Slíkt frv. hefur enn ekki verið lagt fyrir Alþingi. Er þó ljóst, að mikil þörf er á því, að sett verði skýr löggjöf um þetta efni, svo að tryggt sé, að jarðhitinn verði hagnýttur þannig, að þjóðarheildinni komi að sem mestu gagni, og því er till. þessi fram borin.